



# Grunnskóli Fjallabyggðar

## námsval haustönn 2020, útskýringar

### **Val A (tímabilið 24. ágúst – 8. janúar, 1 klst á viku)**

**Safn sem kennsluvettvangur (Síldarminjasafnið):** Í þessu námskeiði fá nemendur tækifæri til þess að kynnst starfsemi safns – öllu frá varðveislu gripa til skráningar, rannsókna, heimildasöfnunar, miðlunar, leiðsagna og almennrar kynningarstarfsemi. Nemendur fá að takast á við ólík verkefni og kynnst því þannig hvaða grunnstoðir liggja að baki starfsemi safna. Nemendur taka þátt í undirbúningi viðburða, t.a.m. framkvæmd hrekkjavöku á safninu, undirbúning og uppsetningu ljósmyndasýningar og á vordögum munu nemendur standa fyrir svokölluðum *yfirtökudegi* og stjórna safninu í einn dag. Áhersla verður lögð á stafræna miðlun og fá nemendur tækifæri til að miðla efni námskeiðsins með frjálsum hætti, til dæmis að taka yfir samfélagsmiðla safnsins (t.d. Instagram Story, Facebook-live), taka upp hlaðvarpsþætti (e. podcast), standa fyrir sýningum, framleiða stuttmyndir eða kynningarvideo (á YouTube rás safnsins). Námskeiðið byggir fyrst og fremst á virki þátttöku allra nemenda og eru nemendur eindregið hvattir til að velja námskeiðið á bæði haust- og vorönn.

**Lyftingar (Hallgrímur):** Valið fer fram í ræktinni og farið verður yfir rétta tækni og gerðar æfingar í kringum "stóru" lyfturnar eins og réttstöðulyftu, hnébeygju, bekkpressu, snörun og jafnhendingu.

**Prjónaval (Mæja Leifs):** Nemendur velja um að prjóna annað hvort peysu (barna eða fullorðins) eða húfu. Nemendur velja sjálfir uppskrift og garn til að prjóna úr í samráði við kennara. Nauðsynlegt er að nemendur hafi undirstöðu í prjónaskap, þ.e. kunni að prjóna slétt og brugðið og geti fylgt prjónauppskrift. Ætlast er til þess að nemendur ljúki við stykkið sem þeir velja sér á tímabilinu

**Íþróttaval (Óvíst með kennara):** Nemendur stunda fjölbreyttar íþróttir, hvort sem það er inni í sal eða úti í snjó.

**Mósaik (Brynhildur):** Nemendur læra að leggja mósaik á tré eða glerflöt og vinna með þau verkfæri sem þarf að nota til þess að leggja mósaik. Nemendur vinna að eigin hugmyndum við verk sín og skipulagningu.

**Andlitsteikning (Sigga Salla):** Nemendur fá grunnþjálfun í fríhendisteikningu. Megináhersla lögð á að nemendur öðlist færni að teikna og skyggja andlitsdrætti og höfuðlag ásamt því að læra að teikna hár.

**Pátttaka metin:** Nemendur fá metna tómstundaiðkun utan skóla í staðin fyrir valgrein. Nemendur þurfa að skila inn staðfestingu frá viðkomandi tómstunda- eða íþróttafélagi við upphaf annarinnar ásamt samþykki frá forráðamanni. Eyðublað þess efnis fylgir með valseðlinum.

## **Val B og C (tvö tímabil: 24. ágúst - 23. okt og 26. okt - 8. jan, 1/1,5 klst á viku)**

**Tauprykk (Brynhildur):** Nemendur læra undirstöðu tauprykks og læra m.a að lita með indigo, pottalitun, bala-litun, stensla og lita í þvottavél. Unnar eru nokkrar prufur og safnað í möppu sem skilað er inn til mats. Nemendur vinna að auki einn bol, eina slæðu og eitt lokaverkefni að eigin vali.

**Aðstoð í frístund (grunnskólinn):** Nemendum gefst kostur á að aðstoða og fylgjast með starfinu í frístund GF þar sem nemendur 1.-4. bekkjar eru við leik og störf. Oft er um að ræða spil, föndur, frjálsan leik og útivist. Nemendur í þessu vali taka rútu til Siglufjarðar og klára daginn þar.

**Freestyle-dans (Bjarney Lea):** Freestyle er bæði einstaklings- og hópansar, þar sem nemendur læra taktvísi við nútímatónlist, dansspuna og danshönnun. Áhersla er lögð á tækni, styrk og liðleika.

**Starfsnám (Leikskóli Fjallabyggðar):** Nemandi mætir í leikskólann þar sem hann fær að kynnst starfi leikskólakennarans. Nemandi hjálpar til við hin ýmsu störf og kynnist venjum og háttum skólans. Valið fer fram bæði á Siglufirði og Ólafsfirði.

**Matargerð (Mæja Leifs):** Nemendur læra að elda mat. Farið er í flóknari matargerð.

**Saga pappírs og endurvinnsla (Birgitta):** Saga pappírs verður skoðuð frá upphafi til dagsins í dag. Nemendur búa til sinn pappír úr ýmsum efnum ásamt því að unnið verður með pappamassa og hlutir búnir til með þessari endurvinnsluáferð.

**Spilaval (Dóra og/eða Mæja Leifs):** Nemendur mæta í spilasmíðju einu sinni í viku. Nemendur fá að kynnst nokkrum tegundum spila, t.d. samvinnu-, samskipta- og handspilum.

**Myndlist (Birgitta):** Markmiðið er að vekja áhuga nemenda á listum með því að kynna ýmsa þætti myndlistar. Einnig að efla hugmyndaflug, sjálfstæði og sköpunarhæfileika.

**Fatasaumur (Brynhildur):** Nemendur læra um eiginleika saumavélar, þræða og skipta um spólu. Læra á overlock saumavél og hvernig á að þræða og skipta um tvinna og almennt viðhald. Nemendur læra vasasaum, rennilás í buxnaklauf og amerískastungu á hálsmáli. Nemendur sníða sér að lágmarki eina flík og fullvinna hana og sýna sem afrakstur.

**Smíðaval (Konni):** Nemendur læra að smíða einfaldan hluti að eigin vali í samstarfi við kennara. Nemendur koma með hugmynd og hana útfæra með því að skissa upp hlutinn sinn, geta séð fyrir sér hvernig á að vinna hann og skipulagt sig

samkvæmt því. Nemendur læra að umgangast vélar, tæki og tól af virðingu og nákvæmni.

**Fab lab límmiðar (Brynhildur):** Í þessu valir munum læra vinna með inkscape og þá möguleika sem límmiðagerð veitir. Nemendur læra á mismunandi límmiða og möguleikana með notkun þeirra t.d. veggmiðar vs/ fatalímmiðar og hvernig er hægt að nota límmiða í silkiprent.

**Fab lab rastering (Brynhildur):** Lærðu að nota einfalt frítt forrit til að teikna hluti sem þú getur búið til með laserskurðarvél. Á námskeiðinu er farið í kynningu á forritinu og sýnt hvernig hægt er að ná sér í viðbótarkennslu á netinu. Búnir til einfaldir hlutir sem eru svo skornir út í laserskurði og möguleikar á flóknari hlutum kynntir.

**Fluguhnýtingar (Arnheiður):** Í þessu vali læra nemendur undirstöðuatriði í fluguhnýtingum og þeir hnýta nokkrar gerðir af flugum. Einnig fá þeir að hanna sínar eigin flugur.

**Útskurður (Konni):** Nemendur læra að skera ýmis form eða munstur út í við. Nemendur gera skissur og fara í rannsóknarvinnu á netinu og læra að yfirfara munstur frá pappír í við. Nemendur læra að nota ýmis verkfæri og vinna nákvæmisvinnu með höndunum.

**Spænska (Bjarney Lea):** Spænskan er ætluð byrjendum, með áherslu á framburð, undirstöðuatriði í málfræði og að byggja upp orðaforða. Stuðst er við kennslubók ásamt mynd- og hljóðefni af netinu.

**Múlatindur:** Farið verður í undirstöðuatriði bifvélavikjans. Nemendur fá bæði sýnikennslu og verklega kennslu. Metið verður mæting og virkni nemandans. Valið samsvarar 10 klst vali, nemandi gæti þurft að mæta utan skólatíma og kennt er 2-3 klst í einu.

**Piparkökuhúsagerð (Mæja Leifs):** Nemendur hanna og búa til piparkökuhús, -byggingu, -höll, -bíl, eða hvað sem þeim hugkvæmist að baka úr piparkökudeigi. Þeir skreyta það svo að vild, en skreytingaefni koma nemendur sjálfir með, hvort sem það er hið hefðbundna sælgæti eða eitthvað annað. Í lok valsins verður flottasta/frumlegasta "húsið" valið og verðlaunað fyrir það. Nemendur ráða hvort þeir vinni einir eða með félagi.

**Kvikmyndaval (Birgitta):** Horft verður á nokkur klassísk stórvirki í bandarískri kvikmyndasögu, kvikmyndirnar greindar og gagnrýndar. Farið verður í uppbyggingu kvikmyndanna, hvað er sérstakt við þær og hvernig sumar þeirra eru "lagskiptar".

**Hugleiðsla (Arnheiður):** Í hugleiðslu koma nemendur sér vel fyrir og æfa sig í núvitund og samkennd. Það felur í sér að einbeita sér að augnablikinu með ásetningu og

án þess að dæma. Þjálfun í núvitund getur haft jákvæð áhrif á almenna líðan og dregið úr streitu, kvíða og depurð.

**Forritun (Birgitta):** Kynning á ýmsum forritum og þeim tækjabúnaði sem til er í skólanum og möguleikum þeirra. Verkefnavinna sem eykur almenna þekkingu og færni nemenda á ýmsum sviðum tengdum forritun og gerir þá hæfari í að finna lausnir.

**Þátttaka metin:** Nemendur fá metna tómsundaiðkun utan skóla í staðin fyrir valgrein. Nemendur þurfa að skila inn staðfestingu frá viðkomandi tómsunda- eða íþróttafélagi við upphaf annarinnar ásamt samþykki frá forráðamanni. Eyðublað þess efnis fylgir með valseðlinum.